

Upplýsingar um ÚTBÚNAÐ HÚSBÍLA

Almennt

Húsbíll er fólkubíll sem inréttaður er sem bústaður með sætum, borði, rúmstæðum og aðstöðu til eldunar og geymslu farangurs. Nánari skýringar á þessum atriðum og öðrum er hér að neðan.

Sæti, öryggisbelti

Sæti mega snúa hvernig sem er og vera af hvaða gerð sem er, enda vel fest í bílinn og vel fari um farþega sem í þeim sitja. Reglur um öryggisbelti eru mismunandi eftir aldri bíla og miðast þær við skráningardag. Núgildandi kröfur gilda frá 1. janúar 1999 og krefjast þær öryggisbelta í öllum sætum húsbíla, þriggjafestu rúllubelta í framsætum og ytri aftursætum, en tveggjafestu belta í öðrum sætum. Þessi sama krafa á einnig við um þá bíla sem verið er að útbúa núna eða hafa verið útbúnir eftir þessa dagsetningu.

Fyrir eldri bílana gildir sú regla að öryggisbelti eiga að vera í framsætum húsbíla undir 3500 kg að leyfðri heildarþyngd frá 1. janúar 1969 og frá 1. mars 1994 fyrir þyngri bílana. Frá 1. janúar 1989 verða svo að vera þriggjafestu rúllubelti í framsætum húsbíla undir 3500 kg að leyfðri heildarþyngd og tveggjafestu belti í öðrum sætum sem snúa fram (ekki þurfti belti í sæti sem snúa öðruvísi eða í veltisæti).

Svefnaðstaða

Rúmstæði verður að vera fyrir a.m.k. einn mann til að bíll geti talist húsbíll.

Eldunaraðstaða og borð

Eldunaraðstaða samanstendur af vaski, eldavél og borði. Þessi búnaður þarf að vera til staðar í bílnum og fastur, hann þarf að vera tilbúinn til notkunar og virkur.

Gastæki – hylki og leiðslur

Heimilt er að vera með tvö gashylki, mest 11 kg hvort, annað í notkun og hitt til vara. Gashylki, sem tekur meira en tvö kg af gasi, skal ásamt þrýstíminkara vera staðsett utan á bílnum eða í þéttu einangruðu rými inni í honum. Í slíku rými verður að vera op (a.m.k. 100 cm²) á botninum til loftræstingar og má rýmið aðeins vera aðgengilegt að utan. Gashylki eiga að standa upprétt og svo tryggilega frá þeim gengið að þau færast ekki úr stað. Rými fyrir gashylki á að vera með læsingu. Þegar gas er notað á rýmið að vera ólæst til að hægt sé að skrufa fyrir gashylkið í skyndingu. Gashylki sem komið er fyrir að utanverðu skal vera í tryggilegri hæð frá akbraut og hafa læsanlega hlíf sem nær a.m.k. yfir loka og þrýstíminkara.

Gaslögn skal gerð úr kopar, koparblöndu eða stáli og vera fest með fódruðum festingum á minna en 300 mm millibili. Gasleiðslu í gegnum vegg verður að leggja í hlífðarhulsu.

Brennsluoft gastækja, sem eru í stöðugri notkun án eftirlits, skal taka inn í bílinn í gegnum aðalloftrás (ofnar og önnur sambærileg gastæki). Rásarop á að vera á botni bílsins þar sem því verður við komið, annars á hlið. Fráloft frá gastækjum verður að leiða beint út úr bílnum um fráloftrás. Rásarop á að vera í lofti þar sem því verður við komið, annars ofarlega á hliðinni. Einnig er gott að hafa gasskynjara í húsbílum til að skynja gasleka.

Gastæki og tilheyrandi fráloftsbúnaður skal valinn og þannig settur upp að ekki stafi af eldhætta. Almenn lágmörk eru þessi: Fjarlægð frá hitunartæki að brennanlegu efni er minnst 100 mm, fráloftsrás verður að vera a.m.k. 75 mm frá brennanlegu efni, fjarlægð frá brennara í eldavélum að óvörðum vegg úr brennanlegu efni er minnst 250 mm. Hitunartæki, sem snúa inn í bílinn, verða að hafa grind eða net til að brennanlegir hlutir komist ekki nær hitafletinum en 100 mm. Gaseldavélar í bílum verða að vera með logavara.

Slökkvitæki og sjúkrakassi

Í húsbíl á að vera slökkvitæki í nálægð öikumannssætis sem svarar til a.m.k. 2. kg dufttækis. Slökkvitæki á að láta yfirfara árlega af viðurkenndum aðila.

Ekki er krafa um sjúkrakassa, en gott er að hafa slíkan í bílnum. Æskilegt innihald er m.a. verkjatöflur, plástrar og sárabindi, skæri, teygjubindi og grisjur.

Að lokum er minnt á að allir lausamunir séu vel festir svo þeir valdi ekki tjóni á fólki eða innréttingu við snögga hraðabreytingu.